

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Daníel Júlíusson (grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

Sigríður Hammer (Laut)

Sigurður Rúnar Karlsson (þjónustumiðstöð)

Bergsteinn Ólafsson (iþróttamannvirki)

1. Viðbrögð við vinnuslysum

Soffía Snædís Sveinsdóttir launafulltrúi kom á fundinn og fór yfir drög að flæðirit vegna viðbragða við vinnuslysa hjá Grindavíkurbæ. Bæta þarf inn tilkynningu til Sjóvá, tryggingarfélagi Grindavíkurbæjar, í verklagsreglur á grindavik.is. Formanni og launafulltrúa falið að yfirfara flæðirit og bera undir næsta fund.

2. Hjartastuðtækjavæðing stofnana Grindavíkurbæjar

Tækin eru öll komin upp nema í Miðgarði og tækið sem keypt var fyrir Kvikuna/Tjaldsvæði. Nefndin mælir með því að það tæki verði sett upp á tjaldsvæðinu, enda opnunartíminn þar mun meiri. Einnig ítrekar nefndin að forstöðumenn þurfa að setja sig í samband við Kolbrúnu Jóhannsdóttur hjúkrunarfræðing sem annast kennslu á tækin.

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl. 14:45.

Næsti fundur boðaður 22. maí.